



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þann 19. ágúst 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins að Túnbraut 1-3 og hófst hann kl. 16:30.

Á fundinn voru mætt Ragheiður Erla Stefánsdóttir (RES) oddviti, Eydís Inga Sigurjónsdóttir (EIS) varaoddviti, Vigdís Elva Þorgeirsdóttir (VEP), Davíð Birkir Tryggvason (DBT) og Ástrós Elísdóttir (ÁE) í stað aðalfulltrúans Ragnars Rögnvaldssonar sem boðaði forföll.

Jafnramt sat Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) sveitarstjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Oddviti bauð fundarfólk velkomid og kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðun, svo var ekki og telst fundurinn því lögmætur.

Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að leggja fram fundargerð frá stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem barst eftir að fundarboð var sent út. Var það samþykkt og verður fundargerðin tekin fyrir sem dagskrárliður 10.b á fundinum.

Dagskrá:

1. Heilsueflandi samfélag á Skagaströnd

Tillaga frá Framsókn og óháðum á Skagaströnd til sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar um að sveitarfélagið sækir um þátttöku í verkefninu Heilsueflandi samfélag.

EIS fylgdi málinu eftir og óskaði eftir því að eftirfarandi væri fært til bókar fyrir hönd lista Framsóknar og óháðra:

Ástæða þess að við leggjum fram þessa tillögu er m.a. sú að á nýlegum farsældarfundi með nágrannasveitarfélögum kom í ljós að Skagaströnd er nú eina sveitarfélagið á Norðurlandi vestra sem ekki tekur þátt í þessu verkefni. Verkefnið hefur víða reynst mikilvægt tæki til að efla lýðheilsu, styrka forvarnir og skapa aukna samvinnu milli sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka og íbúa.

Heilsueflandi samfélag snýst ekki eingöngu um hreyfingu eða hefðbundna lýðheilsu heldur um að byggja upp samfélag sem styður við vellíðan, þátttöku, öryggi og heilbrigða lífshætti allra íbúa. Sérstök áhersla er lögð á farsæld barna og ungmenna og að skapa umhverfi sem styður við gott og heilbriggt samfélag.

Með þátttöku í verkefninu fengi sveitarfélagið markvissan ramma til að skoða stöðu sína á sviði heilsueflingar og forvarna, samræma betur starf ólíkra aðila og móta skýrari stefnu til framtímar. Þess vegna leggjum við jafnframt til að skipaður verði stýrihópur sem fari yfir stöðuna, greini tækifæri til úrbóta og leggi fram tillögur að aðgerðaráætlun.

Við gerum okkur grein fyrir því að spurningar kunna að vakna um kostnað við þátttöku sveitarfélagsins í verkefninu. Á þessu stigi teljum við ekki unnt að leggja fram nákvæmt mat á þeim kostnaði, enda liggur slíkt ekki fyrir fyrir en samtal hefur átt sér stað við Embætti landlæknis og skýrt hefur verið hvaða kröfur, stuðningur og verkefni fylgja þátttökunni.

Handwritten signatures and initials: VEP, RES, DBT, AE.



Það er þó mikilvægt að horfa ekki eingöngu til beins kostnaðar heldur einnig til þess ávinnings sem þátttakan getur skapað. Þótt verkefnið kunni að kalla á ákveðna fjármuni og vinnuframlag teljum við að það geti verið mikilvægt velmegunarskref fyrir Skagaströnd til lengri tíma litið. Með markvissari heilsueflingu, sterkari forvörnum og auknu samstarfi innan samfélagsins skapast tækifæri til að bæta lífsgæði íbúa, styðja við farsæld barna og ungmenna og efla samfélagið í heild. Slík uppbygging er fjárfesting í fólinu okkar og getur skilað samfélagslegum ávinningi til framtíðar sem erfitt er að mæla eingöngu í krónum og aurum.

Áhersla á þáttöku sveitarfélagsins í verkefinu Heilsueflandi samfélag var meðal þeirra mála sem lögð voru fyrir kjósendur í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Með framlagningu þessarar tillögu er verið að fylgja eftir þeirri sýn að sveitarfélagið taki virkan þátt í uppbyggingu heilsueflandi og farsæls samfélags, í takt við þá þróun sem orðið hefur í sveitafélögum um land allt.

Við teljum því mikilvægt að sveitarfélagið skoði af alvöru hvort þáttaka í þessu verkefni geti orðið gagnlegt verkfæri til að efla lýðheilsu, farsæld og vellíðan íbúa og tryggja að við stöndum jafnfætis öðrum sveitarfélögum á svæðinu í þessum mikilvæga málaflokki.

Með vísan til framangreinds legg ég til að sveitarstjórn samþykki tillöguna.

Til máls tóku: EIS, RES, VEP, ÁE, DBT.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra og varaoddvita að hefja undirbúning og sækja um fyrir hönd sveitarfélagsins þáttöku í verkefninu Heilsueflandi samfélag, í samstarfi við Embætti landlæknis og aðra viðeigandi samstarfsaðila. Jafnframt verði skipaður stýrihópur sem kortleggi stöðu sveitarfélagsins á sviði heilsueflingar, forvarna og lýðheilsu og leggi fram tillögur að aðgerðaáætlun sem styðji við markmið verkefnisins.

2. Atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu

Tillaga K-listans fyrir Skagaströnd varðandi atvinnutækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu.

VEP fylgdi tillögunni eftir og gerði grein fyrir henni.

DBT lagði fram breytingartillögu um að ekki verði gerð sérstök tímasett aðgerðaráætlun varðandi verkefnið heldur að endurgjöf verði veitt reglulega. Var sú breytingartillaga samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: VEP, RES, ÁE, EIS, DBT.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir samhljóða að hefja markvissa vinnu við að fjölga atvinnutækifærum fyrir fólk með skerta starfsgetu í sveitarfélaginu.

Sveitarstjóra verði falið að vinna aðgerðaáætlun þar sem meðal annars verði:

- Kortlagðir möguleikar til atvinnusköpunar innan sveitarfélagsins.
- Leitað samstarfs við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök á Skagaströnd og í nágrenni.
- Kannaðir möguleikar á samstarfi við Vinnumálastofnum, VIRK og aðra aðila sem vinna að aukinni atvinnuþáttöku fólks með skerta starfsgetu.
- Metið hvort hægt sé að nýta styrki og önnur stuðningsúrræði til að skapa eða aðlaga störf.
- Skoðaðir möguleikar á hlutastörfum, verkefnatengdum störfum og öðrum lausnum sem henta einstaklingum með mismunandi starfsgetu.

Handwritten signatures and initials: VEP, RES, ÁE, DBT.



3. Laun staðgengils sveitarstjóra

Mál frá fundi sveitarstjórnar sem fór fram 22.07.2026. Lögð er fram tillaga að þóknun til oddvita vegna starfa sem staðgengill sveitarstjóra í júní og júlí 2026.

RES vakti athygli á vanhæfi sínu í málinu og óskaði eftir að víkja af fundi á meðan það væri rætt og afgreitt. Var það samþykkt og tók varaoddviti við stjórn fundarins í þessu máli.

Til máls tóku: ÓÞÓ, DBT, EIS.

Framlögð tillaga samþykkt samhljóða og er sveitarstjóra falið að ganga frá samkomulagi við oddvita samkvæmt henni.

RES tók aftur sæti á fundinum og tók við stjórn hans.

4. Fasteign að Hafnarlóð 9

Lagður fram tölvupóstur dags. 24.07.2026 frá staðgengli sveitarstjóra til Fasteignafélagsins Þingeyrar ehf. Þar kemur fram að í samræmi við ákvæði gjafaafsals dags. 01.07.2024 hafi fasteignin að Hafnarlóð 9 á Skagaströnd fallið aftur til Sveitarfélagsins Skagastrandar með öllum réttindum og skyldum frá og með 01.07.2026.

Á fundi sveitarstjórnar sem fór fram 25.06.2026 var tekið fyrir erindi frá Tómasi Ragnarz þar sem hann óskaði eftir viðræðum um samninga vegna húsnæðisins og fundaði sveitarstjórn með viðkomandi í tengslum við það erindi.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES, EIS, VEP, ÁE, DBT.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir áframhaldandi viðræðum við Tómas Ragnarz vegna málsins þar sem nánar verði farið yfir fyrirætlanir og gögn á bak við áætlanir hans. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu. Samþykkt samhljóða.

5. Hugsanlegt samstarf vegna embættis skipulags- og byggingarfulltrúa

ÓÞÓ greindi frá fundi sem hann og oddviti áttu með Pétri Arasyni sveitarstjóra Húnabyggðar 06.08.2026 þar sem farið var yfir stöðu ýmissa verkefna sveitarfélaganna tveggja. Meðal þess sem kom fram á fundinum var að hugsanlega væri grundvöllur til samstarfs á milli sveitarfélaganna um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Lagði ÓÞÓ til að sent yrði erindi til sveitarstjórnar Húnabyggðar þar sem með formlegum hætti væri óskað eftir samtali um samstarf sveitarfélaganna tveggja um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa.

Til máls tóku: ÓÞÓ, RES.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda erindi til sveitarstjórnar Húnabyggðar þar sem óskað væri eftir að sveitarfélögin tækju upp viðræður um samstarf vegna embættis skipulags- og byggingarfulltrúa.

6. Trúnaðarmál

Trúnaðarmál bókað í trúnaðarbók.

7. Meðferð virðisaukaskatts við sölu á hafnarþjónustu til erlendra aðila

Minnisblað KPMG Law til Hafnasambands Íslands dags. 14.07.2026 varðandi meðferð virðisaukaskatts við sölu á hafnarþjónustu til erlendra aðila. Lagt fram til kynningar.

Til máls tóku: ÓÞÓ.

Handwritten signatures and initials: VEP, ÁE, RES, DBT.



Sveitarstjórn vísar minnisblaðinu til umfjöllunar í hafnar- og skipulagsnefnd.

8. Upplýsingagjöf sveitarstjóra

ÓÞÓ flutti skýrslu sveitarstjóra munnlega og fór yfir stöðu ýmissa verkefna.

Til máls tóku: ÓÞÓ

9. Bréf

9.a Landssamband eldri borgara, dags. í júní 2026

Varðar skipan öldungaráða og mikilvægi virks samráðs við eldra fólk.

Til máls tóku: EIS.

Lagt fram.

9.b Ílóna Sif Ásgeirsdóttir, Judith Scheja og Daniela Ortega, dags. 03.08.2026

Í erindinu er komið á framfæri hugmynd um að sveitarfélagið úthluti eða geri aðgengilegt svæði sem nýta mætti fyrir bæjar- og skólagarða á Skagaströnd.

Sveitarstjórn lýst vel á hugmyndina og hrósar bréfiturum fyrir frumkvæðið í málinu. Sveitarstjóra er falið að ræða við bréfitara um efni þess.

9.c Markaðsstofa Norðurlands, dags. 13.08.2026

Í erindinu er vakin er athygli á uppskeruhátið ferðapjónustunnar á Norðurlandi sem fer fram 15.10.2026.

Lagt fram.

9.d Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 14.08.2026

Varðar stöðu mála vegna Skúnaskralls.

Lagt fram. Sveitarstjórn samþykkir að Ástrós Elísabóttir verði fulltrúi sveitarfélagsins Skagastrandar í úthlutunarnefnd Skúnaskralls.

10. Fundargerðir

10.a 50. fundur Fagráðs – málefni fatlaðs fólks.

Fundargerð 50. fundar Fagráðs – málefni fatlaðs fólks sem fór fram 22.06.2026.

Lagt fram.

10.b. 142. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Fundargerð 142. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra sem fór fram 13.08.2026.

Til máls tók: DBT.

Lagt fram.

11. Önnur mál

Engin önnur mál komu fram.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 18:52.

Ástrós Elísabóttir
Ragnhildur Jónsdóttir
David Birgir Tryggvason
Eydis Brya Jónsdóttir
Vigdís Elva Þorgeirsd.
Alhlin Alhlin